

BRÚARÁ

og

HRÚTÁ

Reykjavík, 18.2. 1958

Sigurjón Rist

BRÚARÁ og HRÚTÁ

Laugardaginn 15. febrúar 1958 fóru E. Elefsen og undirritaður austur í Árnessýslu til að líta eftir vatnshæðarmælum.

Sunnudaginn 16. febr. voru árnar Brúará og Hrúta mældar skammt ofan við ármót þeirra. Árnar eru lindár. Samfelld frost hafa verið á vatnasviðum þeirra undanfarið og snjór var töluverður.

Ekið var að Miðhúsum, en þaðan var gengið á skíðum og var Sighvatur Arnórsson (Sigurjónssonar), bóndi að Miðhúsum, leiðsögumaður. Það er í annað sinn sem Sighvatur veitir vatnsmælingunum fyrirgreiðslu og í bæði skiptin án endurgjalds. Í hið fyrra sinn (veturinn 1952) hélt hann á malpoka mínum neðan úr Þnjóskadal og upp undir Gönguskörð í Kinnarfjöllum, er ég lagði leið mína þar austur um.

Brúará nál. 180 m línu  $Q = 18,5 \text{ m}^3/\text{s}$ , vatnsh.  $1,9^\circ$   
Hrúta " " " "  $Q = 7,3$  "  $2,2^\circ\text{C}$

Veður var stillt og bjart, frost  $12-15^\circ\text{C}$ .  
Vatnssýnishorn voru tekin úr Hrúta. Þau hafa verið afhent Atvinnudeild til efnagreiningar og auk þess verður ísótópagreining gerð á þeim.

Tel óþarft að rekja þér fyrri athuganir á Brúará nálægt upptökunum, en vísa í því sambandi á bls. 120 í íslenskum vötnum.

Reykjavík, 18.2.1958

S. Rist